



Markaðsstofa Suðurlands

Fundargerð

2. fundur stjórnar Markaðsstofu Suðurlands var haldinn kl. 10:00 mánudaginn 4. júní 2018. Fundurinn var símafundur að þessu sinni.

Fundinn sátu:

Dagný H. Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands
Bjarni Freyr Báruson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands
Páll Marvin Jónsson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands
Gunnar Þorgeirsson, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga
Sólrun Helga Guðmundsdóttir, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga
Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands

Forföll boðuðu:

Björg Árnadóttir, formaður stjórnar, fulltrúi Visit South Iceland ehf.
Sigurlaug Gissurardóttir, fulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ragnhildur Sveinbjarnardóttir.

Dagskrá:

- Starfsáætlun
- Helstu verkefni
- Aðildargjöld
- Önnur mál

Starfsáætlun Markaðsstofu Suðurlands 2018/2019

Starfsáætlun var send á stjórnarmeðlimi fyrir fund en hún er gerð til að halda utan um umfang starfseminnar hverju sinni. Þarna eru bæði inni verkefni sem eru í gangi á hverju ári en einnig verkefni sem lögð verður á sérstök áhersla á þessu ári. Stjórn samþykkir starfsáætlun og verður hún í framhaldi send til Ferðamálastofu.

Helstu verkefni

FAM ferðir

Um þessar mundir eru í gangi FAM ferðir með starfsfólk innlendra ferðaskrifstofa og upplýsingamiðstöðva um Suðurland. Farnar eru þrjár ferðir í ár, á Höfn, í Uppsveitir og til Vestmannaeyja.

Faghópur um ferðamál á Suðurlandi

Faghópurinn fór í góða ferð austur á Höfn þar sem heimamenn tóku vel á móti hópnum. Ýmis fyrirtæki voru heimsótt og haldinn vinnufundur. Næsti fundur fyrirhugaður í september.

Markaðsstofur landshlutanna

Hópurinn fundaði á Suðurlandi í maí. Undirbúningur hafinn við haustráðstefnu og Mannamót. Ákveðið að senda inn erindi til ráðuneytis þar sem ekki lítur út fyrir að Markaðsstofur landshlutanna verði alls staðar starfshæfar eftir þessa nýju grunnsamninga.

Íslandsstofa

- Í tilefni HM í fótbolta þá stendur Íslandsstofa fyrir markaðsherferðinni Team Iceland og kemur MSS að þeirri herferð eins og kostur er.
- Frönsk sjónvarpsstöð kemur hingað að taka upp efni í þátt um miðjan júní.

Áfangastaðaáætlun DMP

Verið er að taka saman og setja upp helstu áherslur og niðurstöður skýrslunnar.

Útgáfa

- Vinna við kortaseríu hefur haldið áfram og verið að uppfæra heildarkort ásamt vestur- og austursvæði.
- Verið er að vinna Menningarkort Suðurlands sem næst vonandi að gefa út í sumar. Menningarkort Suðurlands er áhersluverkefni Sóknaráætlunar 2018.
- Vinna við landshlutabækling er framundan, verður einungis gefinn út rafrænt í ár. Byrjað að safna nýju efni í sumar.

Aðildargjöld

Aðildargjöld verða innheimt í sumar að venju, stjórn ákveður að halda sömu verðskrá og var í fyrra.

Önnur mál

Bjarni vekur máls á að víða hafi orðið talsverður samdráttur í apríl og maí. Spáir í hvort hægt sé að láta kanna hvað veldur. Framkvæmdastjóri ætlar að heyra hljóðið í samstarfsaðilum eins og SAF og Íslandsstofu en það er margt sem getur spilað inn í, t.d. breytt kauphegðun, HM, gengi. Mismunandi hljóð er líka í ferðapjónustuaðilum.

Næsti fundur stjórnar verður í september. Framkvæmdastjóri sendir fundarboð í lok sumars fyrir næsta vetur.

Fundi slitið kl. 10:35